



# Ráðgjöf til sveitarfélaga á sviði sjálfbærni og umhverfismála

## Ágæti viðskiptavinur,

Við hjá Mannviti finnum fyrir því að umhverfis- og sjálfbærnivitund í samfélaginu fer sífellt vaxandi og samfara því krafan um að stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki sinni slíkum málum á faglegan máta. Aukin vitund um áhrif framkvæmda og reksturs á loftslag, auðlindir, heilsu og nærumhverfi notenda eykur kröfur um sjálfbæra nálgun framkvæmdaraðila og vistvæna hönnun hins byggða umhverfis.

Mannvit hefur viðamikla þekkingu og reynslu á sviði sjálfbærni og umhverfismála. Fyrirtækið hefur þjónustað sveitarfélög um allt land á fjölbreyttan hátt og leggur kapp á að uppfylla kröfur og þarfir viðskiptavina sinna.

## Sem dæmi um ráðgjöf sem Mannvit getur boðið sveitarfélögum má nefna eftirfarandi:

- Stefnumótun á sviði sjálfbærni
- Vinnustofur og aðgerðir tengdar heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
- Loftslagsbókhald
- Græn skref
- Landslags- og sýnileikagreiningar
- Vistvæn þéttbýlishönnun
- Blágrænar ofanvatnslausnir
- Mat á umhverfisáhrifum og leyfismál

Tilgangur þessa bréfs er að vekja athygli á framangreindri þjónustu sem Mannvit getur veitt þínu sveitarfélagi á sviði sjálfbærni og umhverfismála. Ef þið hafið áhuga á frekari fræðslu viljum við endilega heyra frá ykkur.

A  
B  
C  
D  
E  
F  
G  
H  
I  
J  
KA  
B  
C  
D  
E  
F  
G  
H  
I  
J  
K

## Stefnumótun á sviði sjálfbærni

Mannvit aðstoðar sveitarfélög við að fara í heildstæða stefnumótunarvinnu á sviði sjálfbærni, jafnt sjálfbærnistefnumótun ákveðinna verkefna eða sviða innan sveitarfélags. Kortlagðir eru helstu áhrifaþættir í rekstri sveitarfélaga á sviði sjálfbærni, s.s. úrgangsmál, losun gróðurhúsalofttegunda ásamt samfélagslegum og efnahagslegum þáttum. Í framhaldinu er mótuð framtíðarsýn og unnin áætlun um það hvernig megi stuðla að aukinni sjálfbærni í sveitarféluginu.

## Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru leiðarvísisir fyrir stjórnvöld, fyrirtæki og einstaklinga um hvernig er haegt að stefna í átt að meiri sjálfbærni í heiminum. Mannvit býður m.a. upp á vinnustofur, byggt á heimsmarkmiðunum, fyrir stofnanir, fyrirtæki og sveitarfélög þar sem skilgreind eru forgangsmarkmið og í framhaldinu kortlagðar aðgerðir til þess að ná þeim markmiðum.

## Loftslagsbókhald

Loftslagsmálin eru ein helsta áskorun samtímans og mikilvægt að kortleggja helstu þætti sveitarfélaga í losun gróðurhúsalofttegunda og vakta breytingar á þeim. Kortlagning losunar gefur sveitarfélögum betri yfirsýn yfir það hvar losun er mest og hvar eru tækifæri til úrbóta. Mannvit hefur m.a. unnið loftslagsbókhald fyrir Reykjavíkurborg um árabil.

## Græn skref

Græn skref snúast um að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í rekstri og stuðla að aukinni sjálfbærni. Þau eru góð leið fyrir opinbera aðila sem vilja vinna markvisst að umhverfismálum. Reykjavíkurborg og ríkið hafa innleitt grænu skrefin hjá stofnunum og vinnustöðum með góðum árangri. Öll gögn grænna skrefa eru opin almenningi en Mannvit veitir ráðgjöf varðandi innleiðingu þeirra.

## Landslags- og sýnileikagreiningar

Í náttúruverndarlögum og landsskipulagsstefnu er lögð áhersla á greiningu landslags og mat á gildi þess, ásamt verndun landslags þar sem þörf þykir. Á síðustu árum hefur t.d. færst í aukana að aðilar óski eftir leyfi til að staðsetja vindmyllur innan sveitarfélaga án þess að mörkuð hafi verið stefna um heppilega staðsetningu slíkra mannvirkja.

Mannvit hefur reynslu í landslags- og sýnileikagreiningum og býður upp á þjónustu á því sviði. Slíkar greiningar auðvelda sveitarfélögum að taka upplýsta ákvörðun um framkvæmdakosti þar sem gæði landslags, möguleg áhrif og sýnileiki mannvirkja skipta sköpum.

## Vistvæn þéttbýlishönnun

Með vitundarvakningu og auknum kröfum samfélagsins eru vistvæn sjónarmið í hönnun stór þáttur í ráðgjöf Mannvits. Plöntu- og efnisval tekur mið af stað og stund og hið manngerða umhverfi er eftir bestu getu aðlagð að hinu náttúrulega. Í þessu felst meðal annars hönnun blágrænna ofanvatnslausna, göngu- og hjólastíga og grænna svæða.

## Blágrænar ofanvatnslausnir

Mannvit býr yfir þekkingu á sviði ráðgjafar og hönnunar blágrænna ofanvatnslausna. Blágrænar ofanvatnslausnir henta jafnt í þéttbýli sem dreifbýli og eru stór þáttur í því að skapa sjálfbært samfélag, þar sem kerfið og hönnunarferlið tekur tillit til vistkerfis, plöntuvals og vatnsgæða þess umhverfis sem verið er að vinna með hverju sinni.

## Mat á umhverfisáhrifum og leyfismál

Við undirbúning staðarri framkvæmda s.s. vega, efnistökusvæða, hafna, virkjana, staðri iðnaðarlóða o.s.frv. þarf að huga að leyfismálum áður en kemur að framkvæmdum og í sumum tilfellum, mati á umhverfisáhrifum. Mannvit hefur áratuga reynslu af vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og hefur einnig komið reglulega að umhverfismati skipulagsáætlana. Jafnframt hafa sérfræðingar Mannvits viðtæka reynslu í gagnaöflun og vinnu við undirbúning leyfisumsókna.



**MANNVIT**

Nánari upplýsingar:  
**Rúnar D. Bjarnason** / Fagstjóri umhverfismála.  
Netfang: rb@mannvit.is - Sími: 422 3054

Mannvit

422-3000

mannvit@mannvit.is

[www.mannvit.is](http://www.mannvit.is)